

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Haldinn á Þjóðminjasafni Íslands, 18. maí 2017, kl. 13:30.

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Anna Lísa Rúnarsdóttir formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 13:33. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp og samþykkt um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri, sem bar upp tillögu að Haraldur Þór Egilsson yrði fundarritari. Var það samþykkt.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan með 14 daga fyrirvara skv. útsendu aðalfundaboði 3. maí. Fundarstjóri fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna og hverjir væru mættir af hálfu þeirra.

| Heiti safns | Eignarhlutur 2016 | Á aðalfundi 2017 | Nafn þess sem fer með umboð |
|---|----------------------|---------------------|---|
| Þjóðminjasafn Íslands | 32,5 | 32,5 | Anna Lísa Rúnarsdóttir |
| Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur) | 9,0 | 9,0 | Gerður Róbertsdóttir / María Karen Sigurðardóttir |
| Listasafn Íslands | 7,0 | 7,0 | Dagný Heiðdal |
| Minjasafnið á Akureyri | 6,0 | 6,0 | Haraldur Þór Egilsson |
| Byggðasafnið Skógum | 4,5 | | |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga | 2,5 | | |
| Byggðasafn Skagfirðinga | 3,5 | | |
| Byggðasafn Árnesinga / Sjóminjasafnið á Eyrbakka | 2,0 | | |
| Listasafn Kópavogs Gerðarsafn | 2,0 | | |
| Hafnarborg | 2,0 | | |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins | 1,5 | 1,5 | Guðrún Dóra Gestsdóttir |
| Menningarmiðstöð Hornafjarðar | 2,0 | | |
| Síldarminjasafn Íslands | 1,5 | | |
| Minjasafn Austurlands | 1,5 | | |
| Listasafn Reykjanesbæjar | 1,5 | | |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | 1,5 | | |
| Safnahús Borgarfjarðar | 1,5 | | |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | 1,5 | 1,5 | Rósa Karen Borgþórsdóttir / Heiðrún Eva Konráðsdóttir |
| Nýlistasafnið | 1,0 | | |
| Byggðasafnið Akranesi | 1,5 | | |
| Örnefnasafn Árnastofnunar | 1,0 | | |
| Hönnunarsafn Íslands | 1,0 | | |
| Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll | 1,0 | | |
| Tækni minjasafn Austurlands | 1,0 | | |
| Listasafn ASÍ | 1,0 | | |
| Byggðasafn Garðskaga | 1,0 | | |
| Minjasafnið Bustarfelli | 1,0 | | |

| | | | |
|---|--------------|-------------|--|
| Byggðasafn Vestfjarða | 1,0 | | |
| Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla | 1,0 | | |
| Byggðasafnið Reykjum | 1,0 | | |
| Minjastofnun Íslands (áður Húsafriðunarnefnd) | 0,5 | | |
| Ljósmyndasafnið Ísafirði | 0,5 | | |
| Listasafn Árnesinga | 0,5 | 0,5 | Inga Jónsdóttir |
| Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti | 0,5 | | |
| Myntsafn Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns Íslands | 0,5 | 0,5 | Dóra Guðný Sigurðardóttir / Sigurður Helgi Pálmason |
| Byggðasafn Dalamanna | 0,5 | | |
| Iðnaðarsafnið á Akureyri | 0,5 | | |
| Landbúnaðarsafn Íslands | 0,5 | | |
| Samtals | 100,0 | 58,5 | |

Einnig sátu fundinn:

Frá Rekstrarfélagi Sarps: Sveinbjörg Sveinsdóttir, Vala Gunnarsdóttir fagstjóri Sarps.

Frá Þjóðminjasafni Íslands Þorvaldur Böðvarsson, Anna Guðný Ásgeirsdóttir.

Andrea Ævarsdóttir frá Grindavíkurbæ.

3. Árskýrsla stjórnar RS:

Anna Lía Rúnarsdóttir formaður stjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2016. Skýrslan er aðgengileg á vefnum landskerfi.is.

4. Ársreikningar RS:

Sveinbjörg Sveinsdóttir kynnti ársreikning Rekstrarfélags Sarps 2016.

Tekjur ársins 2016 voru kr. 33.765.184 en gjöld kr. 31.117.041. Hagnaður félagsins á árinu 2016 var kr. 2.902.304. Eignir félagsins eru kr. 19.063.577 og bókfært eigið fé í árslok kr. 16.730.016.

5. Umræður:

Umræður um ársreikning eða árskýrslu stjórnar voru engar.

6. Reikningar bornir undir atkvæði af fundarstjóra.

Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

7. Innganga nýrra eignaraðila:

Engin tillaga lá fyrir fundinum.

8. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:

Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráð sem var einróma samþykkt.

- Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fjármálastjóri Þjms.
- Anna Lía Rúnarsdóttir, sviðstjóri rannsókna og þróunar Þjms.
- Anna María Urbancic, framkvæmdastjóri Listasafns Íslands

- Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar Listasafns Íslands
- Esther Anna Jóhannsdóttir, fjármálastjóri Minjastofnunar Íslands
- Gerður Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
- Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga
- Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands

9. **Kosning endurskoðenda:**

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggildur endurskoðandi, Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga, sem var samþykkt einróma.

10. **Tillaga um stofnun þróunarsjóðs:**

Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri RS kynnti eftirfarandi tillögu sem var send út með aðalfundaboði:

Tillaga um stofnun þróunarsjóðs

Stjórn Rekstrarfélags Sarps gerir þá tillögu að settur verði á laggirnar sérstakur þróunarsjóður sem ætlað er að auðvelda félaginu að standa straum af kostnaði vegna kerfisþróunar, rekstrar og tilfallandi uppfærslna á skráningar- og upplýsingakerfi menningarsögulegra gagna, Sarpur og sarpur.is. Gert er ráð fyrir að þróunarsjóðurinn sé bundinn sjóður í þeim skilningi að framkvæmdastjórn félagsins má aðeins ráðstafa fjármunum úr þróunarsjóðnum í þágu afmarkaðs og fyrirfram ákveðins tilgangs. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is svo sem vegna nýrra útgáfa og uppfærslna. Þannig mun félagið vera betur fjárhagslega í stakk búið til að standa straum af slíkum kostnaði þegar hann fellur til.

Samkvæmt tillögu stjórnar þá munu samþykktir félagsins taka breytingum til samræmis. Þannig mun bætast nýr liður við dagskrá aðalfundar félagsins í grein 3.1. sem væri „ákvörðun um framlög í þróunarsjóð“. Enn fremur myndi bætast við upptalningu í grein 4.3. þar sem megin hlutverk framkvæmdastjórnar eru talin upp. Þar myndi bætast við það hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að taka ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna úr þróunarsjóðnum.

Samkvæmt framangreindu er það lagt í hendur félagsfundar (aðalfundar) að ákveða hversu mikið af hagnaði hvers árs / óráðstöfuðu eigin fé skuli lagt inn í áðurnefndan þróunarsjóð. Það er svo í höndum framkvæmdastjórnar að ákveða ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á grundvelli fyrirfram skilgreindra verklagsreglna. Mikilvægt er að vel sé staðið að málum og það skilgreint með skýrum hætti við hvaða aðstæður heimilt verði að úthluta fjármunum úr sjóðnum og í hvaða tilgangi og því er samhliða gerð tillaga að neðan greindum verklagsreglum:

Tillaga að verklagsreglum fyrir úthlutun úr þróunarsjóði Rekstrarfélags Sarps

1. Þróunarsjóður Sarps er bundinn sjóður innan Rekstrarfélags Sarps.

2. Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps tekur ákvörðun um innborganir í sjóðinn á aðalfundi félagsins.

Esi HKA

3. Meirihluta framkvæmdastjórnar skal heimilt að taka ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna úr þróunarsjóðnum. Beiðni um ráðstöfun fjármuna skal vera skrifleg og skal rökstutt að hvaða leyti ráðstöfunin er í þágu þess tilgangs sem tilgreindur er í 4. grein verklagsreglna þessara.

4. Aðeins skal heimilt að ráðstafa fjármunum úr þróunarsjóðnum í eftirfarandi tilgangi:

a. Til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is.

b. Til að standa standa straum af kostnaði vegna nýrra útgáfa og uppfærslna á Sarpi og sarpur.is.

c. Til að kosta verkefni á vegum Rekstrarfélags Sarps sem fela í í sér kerfisþróun á skráningar- og upplýsingakerfinu Sarpur, þ.m.t. vegna breytinga á virkni og nýrrar virkni.

d. Til að kosta verkefni á vegum Rekstrarfélags Sarps sem fela í sér umtalsverðar breytingar á ytri vefnum sarpur.is.

e. Til að kosta framkvæmd við uppfærslu á skráningar- og upplýsingakerfinu Sarpur 3 í Sarp 4.

f. Til að standa straum af kostnaði við samþættingu Sarps við önnur skráningar- og upplýsingakerfi eða vegna nýtingarleyfa annarra sambærilegra kerfa.

5. Framkvæmdastjórn skal í skýrslu stjórnar til aðalfundar á hverju ári gera grein fyrir allri ráðstöfun fjármuna úr þróunarsjóðnum.

Verði tillaga stjórnar samþykkt er jafnframt lagt til að stjórn verði falið að útfæra það með endurskoðanda félagsins hvernig gert skuli ráð fyrir þróunarsjóðnum í reikningsskilum og ársreikningi félagsins.

Umræður:

Anna Guðný spurði hvort þessar hugmyndir væru á svipuðum nótum og Landskerfi bókasafna ynni eftir. Sveinbjörg svaraði því til að ekki væri sambærilegur sjóður hjá Lkb sem starfaði skv. annarskonar félagaformi.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Breytingar á samþykktum félagsins:

Fundarstjóri bar fram eftirfarandi tillögur í kjölfar þess að aðalfundur samþykkti að stofna þróunarsjóð:

3.1. nýr c liður um ákvörðun framlaga í þróunarsjóð.

4.3. nýr f liður um ákvörðun ráðstöfunar fjármuna úr þróunarsjóði.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

12. Önnur mál:

Tillaga um innborgun í þróunarsjóð

Stjórn Rekstrarfélags Sarps gerir tillögu um að 9 milljónir króna verði greiddar í þróunarsjóð á árinu 2017.

Umræður:

Inga og Dagný spurðu um ástæðu upphæðarinnar. Sveinbjörg svaraði því til að þó betri ávöxtun væri á fyrirhuguðum reikningi þróunarsjóðs væri of mikil áhætta að binda allt handbært fé í sjóðnum. Ekki mætti nýta fé sjóðsins til rekstrar og félagið yrði að hafa borð fyrir báru vegna reksturs félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í framhaldinu gerði fundarstjóri að tillögu að aðalfundur samþykkti að fela stjórn RS að ræða við endurskoðanda félagsins um hvernig sé best að gera grein fyrir Þróunarsjóðnum í reikningum félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Skipan skráningarráðs Sarps 2017-2018

Sveinbjörg upplýsti um að stjórn gerði tillögu um óbreytta skipan frá fyrra ári. Stjórn RS óskaði eftir því að skipan ráðsins yrði óbreytt þar sem hann hefði unnið gott starf og byggi yfir mikilli reynslu og þekkingu á skráningu safngripa. Ráðið skipa nú sem áður; Anna Lísu Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður myndasafns hjá Ljósmyndasafni Íslands Þorvaldur Böðvarsson, skráningarstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands Steinar Örn Atlason, sérfræðingur hjá Listasafni Íslands. Sveinbjörg þakkaði ráðinu sérstaklega gott samstarf.

Leiðsögn til safna varðandi skráningu í Sarp og viðauka við notendaleyfissamning.

Anna Lísu Rúnarsdóttir kynnti nýjar áherslur varðandi skráningu safngripa annarra en aðildarsafna eða í gegnum aðildarsöfn eða gripum sem söfnum er falin varðveisla á en eignarhald er óvíst.

Dagný velti fyrir sér langtímaláni á gripum (deponering) og hvernig það kæmi inn í slíkan viðauka eða skráningar leiðsögn. ALR sagði að þetta hefði verið rætt og yrði til áframhaldandi skoðunar.

Dóra velti því upp hvort þær ljósmyndir sem ýmsar opinberar stofnanir ættu og framleiddu ættu heima í Sarpi og hvaða leið ætti þá að fara í skráningu þeirra. ALR svaraði því til að hægt væri að gera samstarfssamning eða skrá ljósmyndir sem safnkost viðkomandi safns.

Kynning á Sarpur.is

ALR – kynnti hugmyndir um markaðssetningu Sarps nú þegar samningar hafa náðst við RUV um að hætta notkun á heitinu Sarpurinn. RS á inneign hjá RUV til að ráðstafa vorið eða haust 2018 og er það hugmynd stjórnar að virkja öll söfnin og þær leiðir sem þau hafa til að kynna Sarp. Óskaði eftir tillögum um slíkt frá aðilum að félaginu.

Inga lagði til að farið yrði í herferð að hausti miðað við hvernig notkun á Sarpi er.

Andrea Ævarsdóttir lagði til að Sarpur yrði kynntur skólum sérstaklega.

Tímasetning Aðalfundar

Guðný Dóra gerði athugasemd við tímasetningu fundarins að hann væri á sama degi og

Safnadagurinn. Sveinbjörg sagði að í gegnum tíðina hefði verið gerðar tilraunir með ýmsan fundartíma til að auka mætingu eignaraðila á aðalfund.

Erindi og kynning á Sarpur.is

Vala Gunnarsdóttir fagstjóri Sarps flutti erindið Heimsóknir á sarpur.is – hvaðan koma gestir og hvað skoða þeir?


Gerður var góður rómur að kynningu Völu og þakkaði fundarstjóri henni sérstaklega fyrir áhugaverða kynningu.

Fundarfólk féllst á ósk fundarstjóra um heimild til að ganga frá fundargerð eftir að fundi væri slitið.

Fundi slitið kl. 14:50.



Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri



Haraldur Þór Egilsson, fundarritari